



Fundargerð nr. 158

Fræðslunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Þriðjudagur 22. apríl 2025
Fundartími:	Flóaskóli 16:40-17:20 Sameiginlegt 17:20-17:40 Krakkaborg 17:40-18:20
Fundarmenn:	Bjarni Stefánsson, formaður Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður Hjalti Guðmundsson, aðalmaður Jakob Nielsen Kristjánsson, varamaður Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla Catharina Krentel, fulltrúi skólaráðs Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar Axel Páll Einarsson boðaði forföll Sævar Örn Sigurvinsson boðaði forföll Stefanía Ósk Benediktsdóttir fjarverandi

Leitað var afbrigða um lögmæti fundar en formlegt fundarboð barst með sólarhrings fyrirvara, en fundurinn var haldinn samkvæmt fundaráætlun. Allir nefndarmenn fræðslunefndar samþykktu að gera ekki athugasemdir við boðun og að fundurinn væri fullgildur.

Ofangreint sátu Bjarni, Hjalti, Jakob og Margrét.

1. Flóaskóli

- a) Fréttir af skólastarfinu. Framkvæmdir hafa staðið yfir á skólalóð, reist klifurgrind og skipt um undirlag undir leiktækjum. Ganga þær framkvæmdir vel. Skólaþing var haldið með nemendum 6. til 10. bekkjar ásamt með 10 kennurum. Unnið í hópum. Fyrst og fremst unnið með niðurstöður skólaþingsins í skólanum én þær verða kynntar fræðslunefnd síðar. Nýtt þema er að hefjast þar sem unnið út frá grunnþættinum sjálfbærni, með áherslu á vatnið í umhverfinu og vatnsnotkun. Smíðjur á unglingastig með uppsveitaskólum verða haldnar hér. Unnið verður með listamönnum sem eru í kennaranámi, og er stefnt að sýningu á afrakstri smíðjudaganna í Félagslundi 9. maí.
- b) Næsta skólaár, stærstu áætluðu kostnaðarliðir í rekstri skólans og mönnunarþörf vegna skólaársins 2025-2026. Sundurliðun á áætluðum stöðugildum fagmenntaðra kennara og annarra starfsmanna innan skólanna sem byggja á áætlaðri nemendasamsetningu og nemendafjölda.



Lögð fram yfirlit yfir nemendasamsetningu næsta skólaárs og nákvæm sundurliðun á mönnunarþörf skólans. Laun eru lang stærsti kostnaðarliður skólans. Hátt menntunarstig er í skólanum, en nær allir sem sinna kennslu eru kennaramenntaðir og margir með langa starfsreynslu.

Reiknað er með að það þurfi rúm 28,05 stöðugildi og reiknað er með 109 nemendum eða 3,8 nemendur á hvert stöðugildi.

Sé miðað við stöðugildi án stjórnenda og sérkennara eru 4,5 nemendur á stöðugildi. Ef miðað við sama viðmið og Samband íslenskra sveitarfélaga notar þá er reiknað með að það verði 7,1 nemandi á stöðugildi kennara (án stjórnenda og sérkennara).

Ljóst er að rekstur skóla hefur þyngst að mun og leita þarf leiða til hagræðingar. Fjallað hefur verið um sparnaðarleiðir með nemendum í skólanum og varð t.d. niðurstaða að hætta að hafa svokallaða gistinótt við Þjósárver eins og verið hefur á vorin. Gæta þarf aðhalds í öllum mögulegum kostnaðarliðum stórum sem smáum og vinna stjórnendur áfram að því markmiði.

Tveir starfsmenn skólans fara í fæðingarorlof og laus er staða aðstoðarmatráðs.

c) Önnur mál. Engin önnur mál.

Ofangreindan lið sátu Bjarni, Hjalti, Jakob, Margrét, Þórunn, Íris og Catharina.

2. Sameiginlegt

a) Skóladagatal skólanna – lokaafgreiðsla, afgreiðslu frestað til næsta fundar.

b) Önnur mál. Engin önnur mál.

Ofangreindan lið sátu Bjarni, Hjalti, Jakob, Margrét, Þórunn, Íris, Catharina, Sara og Helga.

3. Flóaskóli

a) Fréttir af skólastarfinu. Apríl er alltaf tileinkaður forvarnarvinnu í leikskólanum og fær útskriftarárgangurinn fræðslu um líkamann, mörk og kynferðislegt ofbeldi. Foreldrar fá upplýsingar um málefnið og þeir látnir vita eftir að fræðslan hefur farið fram. Allir starfsmenn hafa nú fengið starfsþróunarsamtal og koma þau vel út. Allir vilja halda áfram að starfa í Krakkaborg.

Innritun nýrra nemenda fyrir skólaárið 2025-2026 er í fullu gangi og lýtur næsti vetur vel út fyrir okkur. Einhverjar umsóknir hafa borist frá foreldum utan Flóans en þær fara allar í sama ferli og áður. Einnig hafa borist nokkrar starfsumsóknir þó að ekki hafi verið auglýst og eru þær í vinnslu.

b) Næsta skólaár, stærstu áætluðu kostnaðarliðir í rekstri skólans og mönnunarþörf vegna skólaársins 2025-2026. Sundurliðun á áætluðum stöðugildum fagmenntaðra



kennara og annarra starfsmanna innan skólanna sem byggja á áætlaðri nemendasamsetningu og nemendafjölda.

Lögð fram yfirlit yfir nemendasamsetningu næsta skólaárs og nákvæm sundurliðun á mönnunarpörf skólans. Laun eru lang stærsti kostnaðarliður skólans. Hátt menntunarstig er í skólanum, en um tveir þriðju starfsmanna erum með menntaðir leikskólakennarar eða aðra háskólamenntun. Skráðir nemendur í upphafi næsta skólaárs eru 39 og er reiknað með 14,67 stöðugildum til að sinna þeim. Það gerir 2,7 börn á stöðugildi. Sé tekið tillit til aldurssamsetningar verða svokölluð barngildi í upphafi næsta skólaárs 55,1 og er þá 3,8 barngildi á hvert stöðugildi. Sé einungis reiknað með leikskólakennurum (starfsmenn án stjórnenda og matráðs) eru 4,6 barngildi á stöðugildi. Gæta þarf aðhalds í öllum mögulegum kostnaðarliðum stórum sem smáum og vinna stjórnendur áfram að því markmiði.

c) Önnur mál. Engin önnur mál

Ofangreindan lið sátu Bjarni, Hjalti, Jakob, Margrét, Sara og Helga

4. Önnur mál

Samantekt fræðslunefndar.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur borið saman lykiltölur úr rekstri bæði grunn- og leikskóla og eru nýjustu tölur þar frá 2023.

Í þeim samanburði var Flóaskóli með 6,5 nemendur á stöðugildi kennara (án stjórnenda og sérkennara) það ár en landsmeðaltal 8,1 (í skólum með 101-200 nemendur). Eins og fram kemur í li 1.b. hér að ofan gerir áætlun fyrir næsta ár ráð fyrir að nemendur verði 7,1 á stöðugildi kennara (án stjórnenda og sérkennara). Það eru fleiri nemendur á stöðugildi en árið 2023, og því ber að fagna, en nokkuð undir landsmeðaltali það ár. Í því ljósi er það er mat fræðslunefndar að ef nauðsynlegt reynist að hagræða í rekstri skólanna ætti að vera unnt að fjölga nemendum að einhverju marki á hvert stöðugildi án þess að það komi niður á faglegu starfi skólanna. Það þarf að vinnast vandlega með skólastjóra.

Í samanburði Sambands íslenskra sveitarfélaga á rekstri leikskóla eru borin saman heilsdagsígildi á hvert stöðugildi í leikskólum. Árið 2023 var Krakkaborg með 2,5 heilsdagsígildi á hvert stöðugildi, miðað við 3,1 að meðaltali í stærðarflokknum 41-60 nemendur. Nú er fræðslunefnd ekki með samantekt á heilsdagsígildum en lauslega má reikna miðað við áætlaðan uppgefinn dvalartíma nemenda þá verði hlutfallið nálægt 2,6 heilsdagsígildi á hvern starfsmann næsta vetur. Hafa ber í huga að í Krakkaborg eru tekin inn börn við 12 mánaða aldur sem ekki er algengt í viðmiðunarleikskólum og sýnir það samanburð á mönnunarpörf. Ekki er tekið tillit til aldurs nemenda í samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga. Kanna þarf betur hvort hægt er að hagræða t.d. með því að hafa starfsmenn hreyfanlegri milli deilda. Varðandi aðra kostnaðarliði bendir fræðslunefnd á að fara þarf yfir hráefniskostnað í mótuneyti Krakkaborgar. Bæði þessi atriði þurfa að vinnast vandlega með skólastjóra.



Í ársskýrslum Flóaskóla og Krakkaborgar hefur að jafnaði verið getið um fjölda starfsmanna. Gott væri ef einnig væri getið um fjölda stöðugilda og er því hér með beint til skólastjórnenda.

Ofangreindan lið sátu Bjarni, Hjalti, Jakob og Margrét.